



Sandkopp

Árshátíðarblað
Grunnskólans í Sandgerði



Ritstjórapistill

YOYO!

Kallarnir Diddi og Andri eru mættir hér með þrusu blað fyrir ykkur og þrusu gott bland í poka..Tíhí=). Við í blaðanefnd erum búin að vera hörkudugleg við að gera þetta blað(vorum fyrst 9 en enduðum 3) en hey, blaðið kom þó út og glæsilegra en allt er það ekki?..Jújú enda héldum við það félagarnir sko=) Hljómsveitin Uppþot mun halda uppi stuðinu á balli enda ÞRUSUgott band þar á ferð.Við hér í Blaðanefnd vonum að þið hafið gaman af þessu blaði og njótið þess vel því við höfum verið roooosa dugleg að vinna í því og gera það voða flott=)

P.S.Viljum þakka Fríðu Stefánsdóttur fyrir ÞVÍLÍKAN stuðning án hennar gætum við ekki gert þetta blað...Takk Fríða þú ert yndisleg=) Sverrir hjálpaði líka smá, kiss kiss Sverrir

Kveðja Kallarnir.is.....Þar að segja Andri og Diddi þeir sem hjálpuðu líka bara þínu voru Gunnar, Ívar og Raggi

Fréttir úr Skýjaborg

Gullna Rödd Skýjaborgar

Gullna Röddin er söngkeppni Skýjaborgar og var haldin 11. nóvember. Var þátttaka mjög góð og hefur annað eins ekki sést. Keppendur voru mjög góðir og reyndust dómurum erfiðir, en að lokum náðu dómarar að velja í sæti. Bæði yngri og eldri tóku þátt og úrslitin hljóðuðu svo. Yngri. 3. sæti Telma Lind Sævarsdóttir, 2. sæti Sabína Siv Sævarsdóttir, 1. sæti Júlíana Guðrún Jóhannsdóttir. Hjá eldri voru úrslitin svona, 3. sæti Klara Margrét Jónsdóttir, 2. sæti Sædís Karen Stefánsdóttir, 1. sæti Kolbrún Sunna Eiðsdóttir.

Næst var ferðinni heitið til Eyja þar sem undankeppni söngvakeppni Samfés var haldin. Þar tók Kolbrún Sunna Eiðsdóttir þátt fyrir hönd Skýjaborgar. Þrátt fyrir að hafa ekki náð að komast í úrslitakeppnina stóð hún sig mjög vel og á hrós skilið fyrir að taka þátt, en mörg voru atriðin og mjög góð og flott atriði hjá þessum krökkum.

Náttfatadiskó

Náttfatadiskótekin hafa verið vinsælustu diskótek hér í Skýjaborg, enda ávallt gaman að fá að sofa í Skýjaborg eftir skemmtilegt sprell um kvöldið á diskótekinu. Síðasta náttfata diskótek sem var haldið var mjög vel sótt enda um 30 – 35 krakkar í það heila sem gistu hér nóttina, en auðvitað eru það sumir sem vaka alla nóttina og fara að sofa þegar þau koma heim.

Draugatekið

Draugatekið hefur enn ekki verið haldið en úr því verður bætt von bráðar.

Grímubúningar hafa verið pantaðir frá Bandaríkjunum til þess að tryggja gæði og raunveruleika í þessu draugahúsi hjá okkur, og vonum við að það verði haldið eins fljótt og auðið er.

Samfés ballið 3.mars

Svið1: Benni Hemm Hemm, Dikta, Svitabandið, Jeff who?, Jagúar, Í Svörtum Fötum. Svið2: Darwin Blue, Uppþot, Mrs. Pine, Fóbía, Spor, Retro Stefson, Mc Matador, Hairdoctor, Reykjavík! Þessi blanda lofaði bara góðu og þannig var það. Skemmtu allir sér mjög vel og hátíðin fór mjög vel fram, um 3.500 – 4.000 manns voru á svæðinu sem hlaut að bjóða uppá gríðarlega stemmningu.

Billiardmót 4.mars

Billiardmót SamFés var haldið 4.mars í Reykjavík á billiardbarnum Faxafeni 12. Við fórum við með strákalið að þessu sinni. Eftir mjög góða leiki komust strákarnir okkar íúrslit, þar sem þeir enduðu í 2. sæti á Íslandsmeistaramóti Samfés í billiard.

Birkir Freyr Sigurðsson, Ragnar Bjarni Stefánsson og Pétur Snær Pétursson. Við óskum ykkur til hamingju með árangurinn.

Lokahóf Skýjaborgar.

Lokahóf Skýjaborgar verður haldið föstudaginn 24. maí.

Munu Á móti sól mun leika fyrir dansi og búast má við brjáluðu stuði. Nú situr nemendaráð sveitt yfir því að raða saman og plana þennan skemmtilega viðburð.

Nokkur orð í lokin.

Við hjá Skýjaborg viljum þakka þann góða stuðning sem við höfum fengið frá öllum í gegnum starfið hjá okkur. Við erum að vinna okkar starf fyrir ykkur og vonum að við náum að skila því starfi á sem skemmtilegastan hátt.

Með Kveðju úr Skýjunum

Sverrir Rúts Sverrisson
Fríða Stefánsdóttir
Sævar Már Gunnarsson
Elín Björg Gissurardóttir
Svavar Grétarsson

STJÖRNUSPÁ

 **Vatnsberinn** (20.jan - 18.feb): Þú átt eftir að hitta gaur í bleikum sokkum og verða strax yfir þig ástfangin, en ef þú ert gaur, þá áttu eftir að hitta stelpu sem verður að reyna við þig, og þá veistu að það er vegna þess að þú ert í bleikum sokkum! Einnig munt þú hitta jólasveininn sem er í brúðkaupsferð um Ísland.

 **Fiskarnir** (19.feb - 20.mars) : Þú átt eftir að borða skemmt nammi, og verða mjög illt í maganum í allt kvöld, versta við það að þú munt reka svakalega við, og einnig akkurat þegar manneskjan sem þú ert skotin í labbar framhá.... og já lyktin mun finnast!

 **Hrúturinn** (21.mars - 19.apríl) : Þú ferð á jarmanámskeið í Reykjavík, og finnur þar draumageitina, þú munt ekki vilja dansa við neinn í allt kvöld, þar sem það eina sem þú hugsar um er þessi geit..... meeeeeee..... 1, 2, JARMA!!!!

 **Nautið** (20.apríl - 20.maí) : Í páskafríinu munt þú þvílíkt sakna skólans, því þú áttar þig á því að þú elskar kennarann þinn, þú semur ástarljóð til hans og birtir það svo í þessu blaði (bls. 5). Þegar þú ert búinn með grunnskólann munt þú fá ást þína endurgoldna frá kennaranum þínum og þið munið giftast.

 **Tvíburarnir** (21.maí - 21.júní) : Þú færð vinnu í Nóa Siríus um páskana, og áttar þig á því að þú elskar súkkulaði, og munt éta yfir þig af páskaeggjum, og verða veikur fyrstu vikuna þegar skólinn byjar aftur..... með þvílíka drullu að nágrannanir munu kvarta yfir bræluþykkt! En hárið á þér lítur rosalega vel út í kvöld.

 **Krabbinn** (22.júní - 22.júlí) : Þú dettur allsvakalega í kvöld, allir munu sjá þig detta og hlæja, þú skammast þín, en munt skammast þín ennþá meira þegar þú áttar þig á því að það kom gat á rassinn hjá þér, og þú ert í engum nærbuxum..... Þannig að þú þarft ekki að gyrða niður um þig þegar þú ferð á klósettið... en þú bjargar þér útúr vandræðunum með því að ljúga að þetta sé nýasta tíska. Það munu svo allir mæta næsta dag, með gat á rassinum, það verður misfögur sjón.

 **Ljónið** (23.júlí - 22.ágúst) : Manneskjan sem þú ert yfir þig ástfangin af mun koma og tala við þig, þú svitnar svo að þú þarft að fara heim og skipta um föt, þegar þú kemur aftur er hún búin að finna aðra manneskju til að tala við, þú verður vonsvikin, en sérð svo aðra manneskju sem er í miklu svitabaði, þannig að þið eigið margt sameiginlegt, farðu og talaðu við hana, þefaðu af henni og þú munt vita að þið eruð ætluð fyrir hvort annað.

 **Meyjan** (23.ágúst - 22.sept) : Þú munt sjá glæsilega manneskju á KFC en passaðu þig á henni, því að hún BÍTUR!!!!!!!!!!!! Ef að hún bítur þig táknað það 4 ára ógæfu og þú færð alltaf hár í matnum þínum á KFC. Þessi manneskja mun elta þig, og reyna að bíta í tærnar á þér. Passaðu þig í kvöld, helst skaltu vera í skóm með stáltá.

 **Vogin** (23.sept - 23.okt) : Það verður manneskja eltandi þig í allt kvöld og þefandi af þér. Þú munt brosa, og átta þig svo á því að þetta er manneskjan sem þú ert búinn að vera skotin í heillengi, áttar þig svo á því að hún er að þefa af svitanum af þér, en þú ert eimmit búinn að svitna svona svakalega úr stressi við að hitta hana. Manneskjan sem er að þefa af þér er í ljóninu. Þið munuð verða mjög lengi saman.

 **Bogamaður** (21.nov-21.des): Í páskafríinu munt þú hitta Silvíu Nótt og hún býður þér út til Aþenu á Eurovisionkeppnina. Áttar þig svo á því að þegar þú ert kominn til Aþenu að hún var bara að fá þig til að koma með svo þú gætir haldið á henni á sviðinu, því Hommi og Nammi eru tognaðir í bakinu. Þú gerir það sem hún segir þér að gera en þegar þú ert kominn heim þarft þú að liggja kyrr í mánuð, því þú getur ekki hreyft þig eftir allt saman.

 **Steingeit** (22.des - 19.jan) : Þetta er ekki happadagurinn þinn. Fötin sem þú ætlaðir að fara í eru óhrein, þú fékkst þrjár nýjar bólar í dag sem eru að stofna þorp á hökunni á þér og mamma þín vill ekki skutla þér á Árshátíðina þannig hárið er líka allt í rúst. En kvöldið bjargast þar sem þú ert frábær dansari, og munu allir vilja dansa í kringum þig. Þú munt fá fullt af kossum frá bæði strákum og stelpum.

 **Sporðdreki** (24.okt - 22.nov) : Þú vinnur ferð til Kína og tekur draumakærustuna með. Þú áttar þig á því í flugvélinni hversu hundleiðinleg manneskja þetta er, sem þig er búið að dreyma um að eyða ævinni með. Þú munt samt finna rosalega sætan Kínverja, og munið þið búa saman í Kína, þar sem þú heldur áfram í skóla. En í kvöld er allt í lagi að dansa við draumamanneskjuna svo lengi sem hún talar ekki er hún allt í lagi.

Hvað veist þú um vin þinn....



Særún svar um Guðbjörgu

Fullt nafn? Guðbjörg Eva Guðjónsdóttir
Stjörnumerki? Vatnsberi
Afmælisdagur? 21. janúar
Uppáhaldsmatur? Subway og hamborgarahryggur
Uppáhalds hljómsveit? Hlustar aðallega á lög í tölvu, eða kannski Ný dönsk
Draumaprins? Hannes
Mest böggandi? Lygasögur og þegar fólk kyngir.

Guðbjörg svarar um sjálfan sig

Fullt nafn? Guðbjörg Eva Guðjónsdóttir
Stjörnumerki? Vatnsberi
Afmælisdagur? 21. janúar
Uppáhaldsmatur? Hamborgarahryggur
Uppáhalds hljómsveit? Hlusta meira á lög en hljómsveitir.
Draumaprins? Hannes Kristinn
Mest böggandi? Lygar og ýkjur

Guðbjörg svarar um Særúnu

Fullt nafn? Særún Guðmundsdóttir
Stjörnumerki? Tvíburi
Afmælisdagur? 10. júní
Uppáhaldsmatur?
Hamborgarahryggur
Uppáhalds hljómsveit? Bítlarnir
Draumaprins? Charlie Hunnam
Mest böggandi? Lygasögur

Særún svara um sjálfa sig

Fullt nafn? Særún Guðmundsdóttir
Stjörnumerki? Tvíburi
Afmælisdagur? 10. júní
Uppáhaldsmatur? Kjúklingur
Uppáhalds hljómsveit? Bítlarnir
Draumaprins? Charlie Hunnam
Mest böggandi? Kjaftasögur og þegar fólk er að borða í kringum mig.

Hrafnhildur Ása

Í naflaskoðun...



Nafn? *Hrafnhildur Ása*

Bekkur? *10 K.J.J*

Uppáhaldskennari? *Sveinar Einn*

Uppáhaldshljómsveit? *Beach boys*

Flottasta gellan/gæinn? *Charlie Hunnam*

Framtíðarplön? *Umm.....Ætla að verða náttúrulæknir og eignast góða fjölskyldu*

Er FS málið? Afhverju afhverju ekki? *Ónei!!!... sorry fíla hann ekki. ML ójá!!!*

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? *Vera með vinum og hlusta á músík og vera með familien.*

Slökkt eða kveikt ljós þegar þú horfir á TV? *Slökkt pottpétt!*

Ef þú værir forseti einn dag hverju myndir þú breyta? *Bæta kjör aldraðra, og stofna náttúrulækningasjúkrahús.*

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug er þú heyrir:

Diddi=Sætur

Súkkulaði=Draumur

Sjónvarp=One Tree Hill(OTH)

Pétur Skólástjóri=Töffari ☺

Bíll= Old vw bjalla ☺

Hvað veist þú um vin þinn???



Beggi svarar um Þórunni M.

Fullt nafn? Þórunn Magnúsdóttir
Stjörnumerki? Kóngulónni
Afmælisdagur? Einu sinni á ári
Uppáhaldsmatur? Kjúklingur í raspi
Uppáhalds hljómsveit? Wham
Draumaprins? Brad Pitt
Mest böggandi? Að tapa fyrir
Keflavík

Beggi svarar fyrir sig.

Fullt nafn? Sigurvin Bergþór
Magnúss.
Stjörnumerki? Fiskur
Afmælisdagur? 25. feb
Uppáhaldsmatur? Allt sem Kiddý
gerir
Uppáhalds hljómsveit? Duran Duran
Draumaprinsessa? Kiddý
Mest böggandi? Að tapa



Þórunn svarar um Begga.

Fullt nafn? Sigurvin Bergþór Magnúss.
Stjörnumerki? Fiskur
Afmælisdagur? 25. feb
Uppáhaldsmatur? Nautasteik
Uppáhalds hljómsveit? Duran Duran
Draumaprinsessa? Kiddý
Mest böggandi? Að sjá blóð

Þórunn svarar fyrir sig.

Fullt nafn? Þórunn Magnúsdóttir
Stjörnumerki? Bogamaður
Afmælisdagur? 5. des
Uppáhaldsmatur? Nautasteik
Uppáhalds hljómsveit? Fleetwood Mac
Draumaprins? George Clooney
Mest böggandi? Óþekkir nemendur

Sasan Már lenti í naflaskoðun



Nafn: *Sasan Már Hlynsson*

Bekkur: *10. KJJ*

Uppáhaldskennari? *Vill ekki skilja neinn útundan, þannig bara allir.*

Uppáhaldshljómsveit? *Ég er alæta á tónlist.*

Flottasta gellan eða gæinn? *Jenna Jameson*

Framtíðarplön? *Fara í framhaldsnám og verða eitthvað stórt.*

Er FS málið? Afhverju eða afhverju ekki? *Já, því þar eru skemmtilegir krakkar, krakkar sem maður þekkir.*

Hvað finnst þér skemmtilegst að gera? *Stunda íþróttir og hanga með góðum vinum.*

Slökkt eða kveikt ljós þegar þú horfir á TV? *Slökkt*

Ef þú værir forseti í einn dag hverju mundirðu breyta? *Koma af stað World Peace.*

Hvernig líkar þér Sandgerði? *Bara ágætlega*

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug er þú heyrir:

Diddi= *Egó og Sexý*

Súkkulaði= *Gott*

Sjónvarp= *skemmtilegt*

Pétur Skólastjóri= *Fínn náungi*

Bíll= *cool hlutur*

Erla Jóna var valin stuðningsfulltrúi ársins..

Hvernig líður þér eftir að hafa verið

valin stuðningsfulltrúi ársins? *Ómetanleg gleði.*

Varstu viss um að þú mundir vinna þetta

eða kom það á óvart? *Alltaf viss. (nei auðvitað ekki).*

Hvernig geturðu verið svona góður stuðningsfulltrúi.

Er þetta viss undirbúningur? *Bara vera maður sjálfur.*

Hver var erfiðasti andstæðingurinn í þessari keppni?

Geiri, útaf því hann er svo mikil p__ _!!!!

Hvað viltu segja við stuðningsfulltrúana sem fengu ekki neitt? *Keep on working and look at me!!!!*

Eitthvað að lokum? *RÚST!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!*



Inga Pála var valin skólaliði ársins..

Hvernig líður þér eftir að hafa verið

valin skólaliði ársins? *Rosalega vel*

Varstu viss um að þú mundir vinna þetta

eða kom það á óvart? *Kom á óvart*

Hverning geturðu verið svona góður skólaliði.

Er þetta viss undirbúningur? *Nei, bara að virða fólkið sem maður umgengst, þá fær maður virðingu á móti.*

Hver var erfiðasti andstæðingurinn í þessari keppni?


Þær eru allar jafnar.

Hvað viltu segja við skólaliðana sem fengu ekki neitt? *Þið eruð fyrirmyndirnar mínar.*

Eitthvað að lokum? *Til þess að vera skemmtileg þarf skemmtilega nemendur.*







KATRÍN Í NAFLASKOD



Nafn: *Katrín Júlía Júlíusdóttir*

Uppáhaldsfag að kenna?: *Danska*

Uppáhaldshljómsveit: *Ham*

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?: *Fara í leikhús með syni mínum.*

Flottasta gellan eða gæinn?: *Silvía Nótt*

Slökkt eða kveikt ljós þegar þú horfir á sjónvarp?: *Slökkt*

Ef þú værir forseti í einn dag hverju myndirðu breyta?: *Ég myndi setja upp ruslafötur á hverju götuhorni í hverju einasta bæjarfélagi á landinu og svo myndi ég setja lög gegn þeim sem eyðileggja þær.*

Um hvað talar þú inn á kennarastofunni?: *Heima og geima.*

Hvað ætlar þú að að gera í sumarfríinu þínu?: *Núna ætla ég að fara til Kína og vinna í húsinu mínu.*

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug ef þú heyrir?:

Diddi: *Gítar*

Súkkulaði: *Kvikmyndin Chocolate*

Sjónvarp: *O.C.*

Pétur Skólastjóri: *Mikið að gera*

Bíll: *Ferðalag*

RAGGA Í NAFLASKOÐU



Nafn: *Ragnhildur L. Guðmundsdóttir*

Uppáhaldsfag að kenna? *Þjóðfélagsfræði*

Uppáhalds hljómsveit? *Buffið*

Flottasta gellan eða gæinn? *Erla Jóna*

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? *Að eiga góða ljúfa tíma með nemendum og syngja ☺*

Slökkt eða kveikt ljós þegar þú horfir á sjónvarpið? *Slökkt*

Ef þú værir forseti í einn dag hverju myndirðu breyta? *Ég myndi taka mér alræðisvald og senda þingmenn stjórnarflokkana til Afríku aðra leið*

Um hvað talar þú inn á kennarastofunni? *Danmerkurferðina*

Hvað gerir þú í sumarfríinu þínu? *Ferðast um landið og passa barnabörnin*

Hvað er það sem þér dettur í hug er þú heyrir?

Diddi: *breikdans*




Súkkulaði: *myntusúkkulaði*

Sjónvarp: *medium*

Pétur skólastjóri? *Íþróttir og þrjóska*

Bíll: *volvo*

Grettukeppni 7.bekkjar



Spurningakeppni - á milli nemenda og kennara

1. Nefndu allar reikistjörnur talið upp frá sólinni.
2. Hvað heitir söngvari Sign?
3. Hvað búa ca. margir í Sandgerði?
4. Hvaða kenningu setti Einstein fram?
5. Frá hvaða landi kom Bob Marley?
6. Nefnið alla Bítlana.
7. Hvað var Wolfgang?
8. Hvaða ár lauk seinni heimsstyrjöldinni?
9. Hvaða lið vann meistaradeildina í fótbolta 2005?
10. Hvað heitir fótboltaliðið á Neskaupstað?



Gísli og Ástrós Lind

1. Merkúrius, Úranus, Jörðin, Venus, Satúrnus, Júpíter, Plútó.
2. Ragnar Sólberg... og Gísli veit hvað allir í hljómsveitinni heita.
3. 13- 1400
4. Kenning kjarnorkunnar
5. Jamaika
6. John Lennon, Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr.
7. Það er hljómsveit...
8. 1944
9. Liverpool
10. Fótboltafélag Neskaupstaðs

5 RÉTT




Pétur og Elín

1. Merkúr, Venus, Jörðin, Mars, Satúrnus, Úranus, Neptúnus, Plútó.
2. Guðmundur Steingrímsson.
3. u.þ.b. 1500
4. Afstæðiskenninguna
5. Jamaika
6. John Lennon, Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr.
7. Amadeus Mozart
8. 1945
9. Liverpool
10. Þróttur

7 RÉTT

Rétt svör: 1. Merkúr, Venus, Jörðin, Mars, Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus, plútó. 2. Ragnar Sólberg. 3. 1536 (þegar þetta blað er gefið út) 4. Afstæðiskenningin. 5. Jamaika. 6. Paul MCCartney, Ringo Starr, George Harrison og John Lennon. 7. Tónskáld 8. 1945. 9. Liverpool. 10. Þróttur

Stelpurnar í upplestrarkeppninni



Nafn: Þórhildur Guðný

Bekkur: 7. ÞB

Bjóstu við því að komast áfram? Nei

Æfðirðu þig mikið til að geta lesið svona vel? Já

Út í annað.....

Uppáhaldskennari? Erla Björg og mamma

Uppáhaldshljómsveit? Veit ekki

Flottasta gellan eða gæinn? Óli Geir, bara fyrir Anítu

Framtíðarplön? Bara klára nám og halda áfram í fótbolta.

Er FS málið? Já örugglega

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

Spila fótbolta og hanga með vinum.

Ef þú værir forseti í einn dag hverju mundir þú breyta?

Ég mundi leggja niður skóla.

Nafn: Björg Kristjánsdóttir

Bekkur: 7. EY

Bjóstu við því að komast áfram? Já og nei

Æfðirðu þig mikið til að geta lesið svona vel? Já

Út í annað.....

Uppáhaldskennari? Gróa

Uppáhaldshljómsveit? Black eyed peas.

Flottasta gellan eða gæinn? Gunnar

Framtíðarplön? Ferðast

Er FS málið? Ekki fyrir mig, því mig langar að vera í skóla úti?

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

Flippa og taka myndir.

Ef þú værir forseti í einn dag hverju mundir þú breyta? Hafa risastórt party í Sandgerði.

Kæri Sáli

Ég er strákur í skólanum og ég er yfir mig ástfanginn af kennaranum mínum. Í hvert skipti sem hún kemur að hjálpa mér með námið roðna ég, og verð rauðari en rautt. Lyktin af henni er svo góð og hún er svo sæt, en málið er að hún sýnir alltaf öðrum nemanda miklu meiri athygli en mér. Ég held að hún sé hrifin af honum. Mig langar varla lengur að mæta í tíma hjá henni, því ég er svo öfundsjúkur. Gerðu það Sáli, geturðu hjálpað mér að finna lausn á þessu vandamáli?

Einn kennaraskotinn.

Kæri Sáli

Ég er stelpa í skólanum, og á við vandamál að stríða. Málið er að ég er hrein mey, og vinkonur mínar eru að gera grín af mér útaf því. Þær tala saman um kynlíf, segja hversu gott það er og hlæja svo alltaf að mér, og segja „góða þú veist ekki einu sinni um hvað við erum að tala“. Mig langar ekkert voðalega að sofa hjá strax, þar sem ég er ekki á föstu né skotin í einhverjum, en ég held að ég þurfi að drífa mig í því svo ég falli inn í hópinn. Á ég bara að drífa mig í þessu, því þetta getur ekki verið það mikið mál, eða á ég kanski bara að ljúga að ég sé búin að sofa hjá??? Kæri sáli, hvað get ég gert?

Kveðja Hrein mey.

Kæri einn kennaraskotinn.

Það er alltaf erfitt að vera skotinn í einhverjum sem er ekki skotinn til baka. Samkvæmt reglum má hins vegar kennari ekki vera með nemanda. Þannig að þú veist að þetta var forboðin ást allt frá byrjun. Ef kennarinn þinn fer eftir reglum þá er hann ekki heldur að reyna við annan nemanda í skólanum. En ef þú ert með sönnun fyrir því áttu strax að láta skólayfirvöld vita. En með ástamálin þín, þá ert þú ennþá ungur og átt örugglega eftir að hitta fullt af stelpum í lífinu, það er engin ástæða að vera flýta sér í ástamálum.

Kveðja Sáli

Kæra Hrein mey

Þú ert það ung að þú átt ekki að þurfa að skammast þín fyrir að vera hrein mey. Það er engin ástæða til að drífa sig af stað, þar sem þú vilt ekki eiga slæmar minningar um kynlíf þegar þú verður eldri. Kynlíf er ekkert sérstaklega gott fyrir ungar stúlkur þar sem líkaminn þeirra er ennþá að þroskast, þannig að þær eru örugglega að ljúga um það til þess að reyna að passa inn í hópinn. Þú skalt ekki ljúga til að stelpunum, því í raun eiga þær ekkert að vera gorta sig af einhverju, sem þær eiga ekki að vera hreiknar af. Kynlíf mun fyrst verða gott þegar þú munt deila því með einhverjum sem þú elskar.

Kveðja Sáli

Hæhæ Sáli

Vandamálið hjá mér er að ég er ótrúlega hrifinn af kærustu besta vinar míns. Ég verð þvílíkt stressaður þegar hún kemur nálægt mér og veit ekki einu sinni hvernig ég á að haga mér í kringum hana. Mér finnst eins og það standi utan á mér að ég sé svona hrifinn af henni, því ég meina það, í alvöru þá bókstaflega svitna ég bara af því að horfa á hana. Mér líður ógeðslega illa yfir þessu þar sem hún er með besta vini mínum, en ég get bara ekki hætt að hugsa um hana!! Besti vinur minn veit ekkert af þessu og vonandi heldur ekki hún... En mig langar svo mikið að vera með henni..... Hvað á ég að gera???? Á ég að segja henni frá því og gá hvað hún gerir eða á ég að segja besta vini mínum frá því hvernig mér líður eða á ég bara ekki að gera neitt, ég get bara ekki lengur gert ekki neitt þar sem ég á erfitt með að sofa á kvöldin útaf þessu.

PLÍS Sáli..... hjálpaðu mér...
Kveðja einn í vondum vanda...

Kæri Sáli

Hæ ég er strákur í skólanum og á í vandræðum. Málið er að allir félagarnir mínir eru byrjaðir að reykja. Mér finnst ég ekki lengur vera inn í hópnum útaf þessu. Ég hef prófað að taka smók og mér fannst það ógeðslegt, ég ældi meira segja og var illt í maganum allan daginn. Mér finnst ég vera svo mikið útúr hópnum ef ég byrja ekki að reykja, ég fer alltaf með krökkunum út og svona að reykja og það halda allir að ég reyki, er þá ekki bara eins gott að láta sig hafa það og byrja? Það getur ekki alltaf verið svona vont.....

kveðja einn wannabe smoker..

Blessaður einn í vondum vanda..

Það besta sem þú gætir gert í þessu máli er ekki endilega það besta. Ég mundi segja henni frá þessu, gá hvernig hún tekur á móti þessum fréttum. Ef hún segir við þig að hún mundi aldrei vilja neitt með þig, þá geturðu reynt að komast yfir hana og átt áfram þinn besta vin, því mundu að vinskapur er miklu mikilvægari en einhver stelpa. En ef hún segist vilja þig, frekar en vin þinn, þá skaltu segja henni að segja vini þínum upp. Og svo skalt þú tala við vin þinn og spurja hvernig honum mundi líða með það ef þú mundir byrja með hans fyrrverandi. Það gæti alltaf verið að honum yrði alveg sama. Því voðalega margir á ykkar aldri eru alltaf að skipta um skoðun á hverjum þeir eru hrifnir af. Prófaðu þig áfram en mundu bara að vinskapurinn mun alltaf vera til staðar en ekki endilega stelpan.

Kveðja Sáli

Jæja einn wannabe smoker

Svarið við þessari spurningu er einfaldlega NEI!!! Ekki byrja að reykja til að falla inn í hópinn! Ef vinir þínir vilja ekki hanga með þér útaf því þú reykir ekki þá eru þeir ekki þess virði að hanga með. Það vita allir að reykingar eru stórhættulegar og það deyja margir úr þeim. Þú munt sjá eftir því alla ævi að hafa byrjað að reykja, þó það sýnist vera cool núna þá er það enganveginn cool að eyða pening í þetta allt þitt líf, og ef þú hugsar núna að þú munir ekki reykja allt þitt líf, þá skaltu hugsa aftur því jú! Það er ekki lítið mál að hætta!

Kveðja Sáli

Kæri Sáli

Hæ ég er stelpa, og veit ekki alveg hvert ég á að snúa mér í þessu máli... Sko við vorum nokkrir vinir í party eina helgina og ég að horfa á video upp í herbergi og þá kemur vinur minn inn og byrjar eitthvað að reyna við mig, ég segi við hann að ég vilji ekki neitt en þá byrjar hann að reyna klæða mig úr buxunum. Ég reyni eitthvað að færa mig en þá heldur hann mér bara fastar, segir bara að ég vilji þetta, þar sem ég væri búin að sofa hjá áður og það skipti engu máli þó ég bætti við einum í safnið. Hann heldur mér ýkt fast, og ég segi nei við hann, en gefst svo upp, leggst bara niður og hann tekur mig úr buxunum og stingur honum inn. Mér er búið að líða þvítíkt illa eftir þetta þar sem ég vildi þetta alls ekki og núna er hann búinn að segja öllum félögnum að hann hafi sofið hjá mér. Ég veit ekki afhverju mér líður svona illa þar sem það er ekki eins og þetta hafi verið einhver nauðgun. Bara samt hvað á ég að gera... Ég mun samt bráðum gleyma þessu, veit það sko..... en já vildi bara láta bréf, allavega þá kanski sér hann það að mér líður ekkert vel yfir þessu og kanski hættir hann að tala um þetta... Hvað heldur þú Sáli???????

Kveðja ein áttavilt.....

Kæri Sáli

Hvað get ég gert ef ég veit af því að sumir vinir mínir eru að prófa dóp? Á ég að segja einhverjum frá því eða er ekki bara betra fyrir mig að ég kjafti ekki, því þá getur enginn orðið vondur út í mig. En málið er bara líka það að ég er skíthræddur um vini mína, hvað ef eitthvað kemur fyrir þá á meðan þeir eru að dópa? Getur dóp drepið? Einn áhyggjufullur

Blessuð ein áttavilt

Þetta er hræðileg lífsreynsla sem þú ert að ganga í gegnum, og mér finnst alveg hræðilegt að strákurinn er ekki að átta sig á því hvernig hann kom fram við þig. Málið er að enginn á skilið að vera nauðgað! Því já, þetta var nauðgun, ef þú neitar að stunda kynlíf, þá þýðir nei NEI. Það er hræðilegt að vita af því hversu litla sjálfsvirðingu þú hefur, í sambandi við að þú hafir bara gefist upp. Líkaminn þinn er mikilvægur og þú átt hann ein, það á enginn að fá að nota aðgang að honum án þíns leyfis. Best væri fyrir þig að ræða um þetta við skólasálfræðinginn eða hjúkrunarkonuna. Einnig þarf strákurinn að fá að vita að svona lagað er ekki leyfilegt! Því ef hann er að monta sig á þessu er greinilegt að hann veit ekki hversu mikinn skaða hann var að gera. Þú mátt ekki bara gera ekki neitt, því þá mun vanlíðan bara verða meiri og meiri. Talaðu við mömmu þína, vinkonu eða einhvern sem þú treystir, þú kemst ekki í gegnum þetta ein!

Kveðja Sáli

Kæri einn áhyggjufullur

Þú getur hringt í fikniefnalögregluna og gefið þeim upplýsingar nafnlaust. Þá mun enginn fatta að þú hafir kjaftað frá og einnig munu þeir þá fá hjálp. Það er stórhættulegt að dópa, fólk getur farið í svo mikla vímu að það veit ekki hvað það er að gera og getur bókstaflega bara hoppað niður af byggingu, einnig er hægt að taka aðeins of mikið þannig að hjartað þoli ekki meir. Þú verður að segja frá, því þú getur verið að bjarga lífi.

Kveðja Sáli

Ljóð

Sita, tala, syngja hátt,
sami skrytni hnakki,
mala, pissa, prumpa dátt.
Pétur, Birkir, Raggi.

Einar Maríus mikið kann,
malar allan tímann.
Keðju Adam frá hann fann,
finnur hvergi símann.

Lyktin vonða lykta hjá,
lotu átið pumpa.
Lyktin bara börnin hrjá,
einhver var að prumpa.

Thelma þegir, þæg og góð,
þykir frekar næs.
Kókið skapar krakka flóð,
köku á hún splæs.

Góða Sædís syngur vel,
sýnir stoltið okkar,
hermir, talar, hlær í hel,
hennar þokki lokkar.

Frikki hlær þótt fyndið sé,
fyrir vonða daga.
Syngur allt frá a til pé,
endar þessi saga.

Helgin er í bænum bý,
bjargar einum stráki.
Hugmynd allra alveg ný,
Adam lukkuláki.

Höfundur: Teresa Alma S.

Framtíðar spá.

Guðbjörg Eva Guðjónsdóttir: Jæja.....Eftir 10. bekkinn ákveður hún að fara í skóla úti á landi og eftir fyrstu önnina gengur vel en þá fær hún allt í einu símtal frá pabba sínum um að hún þurfi að koma á sjó með sér. Guðbjörg verður öskufúl og kýlir samt á það og fer til pabba síns á sjóinn. Mikil veiði og peningarnir streyma inn og þá segir Guðbjörg við sjálfa sig „hey ég ætla að verða sjókona” og eftir þennan róður finna hún og Hannes flott hús þar sem þau munu búa alla sína ævi.... frystihúsi.

Særún Guðmundsdóttir: Hættir í skóla strax og fer í bakpokaferðalag um alla Evrópu og fer hún á staði þar sem enginn hefur fundið eða séð. Særún mun finna ástina sína á leið sinni uppí fjöll þar sem hann er að slá niður tré með öxi og voða massaður...en það er eitt vandamál....hann er með engann heila.....EN Særún fattar það að kenna honum allt sem hún kann og ætlar að gera hann að flottum prins og þau munu búa uppí fjöllum... Aðeins tvö.

Hrafnhildur Ása Karlsdóttir: Jáá.!Byrjar í leit að vinnu sem ritari og hana hefur ALLTAF langað það en það fór á víst annan veg eftir þetta atvik sem gerðist.” Ágúst 2007 gerðist hræðilegt en mjög spennandi. Hrafnhildur missti glas í gólfíð og hún fattaði það að hún hefur aldrei áður brotið glas í lífinu. En allt fór á annan veg eins og þeir segja og hún er einn af uppfinningarmönnum á glösum sem brotna aldrei og fyrirtækið hennar heitir glös.is.....Hrafnhildur fann engan karl því miður en er að leita=)

Gísli Guðnason: Rokkari í húð og hár og stofnar bandið Megapix 2000! Þrusu hardcore rokkband þar á ferð með einum þrusu smell „Hit me baby 3 more times” og eftir það lag byrjuðu aðdáendur að streyma in uppá dyrum og allur þakinn en svo svo ákveður Gísli allt í einu að hann langi þetta ekki(að vera rokkstjarna semsagt)og ætlar að búa hjá mömmu sinn og pabba og býr til hunda hótél með þeim og hann mun semja lög en þó munu þau ekki ganga eins vel og hitt lagið sem hann samdi með bandinu sínu svo Gísli mun verða hundabóndi og mun vera ánægður í koti hjá mömmu og pabba=).

Hjörtur Magni Sigurðsson: Rapp...neihei! Hann Hjörtur fer á annan veg og verða öryggisvörður á Mamma Mía og mun hann fýla sig feitt þar og eignast fullt af vinum sem eru samt rónar en hey hann fýlar þá þó=)en Hjörtur mun verða einn sá besti öryggisvörður í heiminum og býr til svona system á öll hús sem bófarnir komast aldrei inn til að stela og mun Hjörtur verða margfaldur milli og mun búa í crip uppá Laguna beach og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur á lífi sínu, Hjörtur eignast 3 börn og eina konu sem elskar hann mjög heitt=)

Sigurjón Jóhannesson: Smiðurinn mikli sem mun byggja nýja wWorld Trade center og mun hann búa til svo sterka og flotta að það mun EKKERT sem mun geta eyðilagt það EKKERT engar flugvélar né neitt og Bin laden verður brjáláður og segir vopnahlé við Bush og allt verður í sóma milli þessara landa og munu Bandaríkin vera svo ánægð með hann Sigurjón að hann verður nýi forseti Bandaríkjanna og Bush rekinn og mun Grjóni vera svo völdugur að hann býður öllum bekkjarfélugunum 5 milljarða hverjum og hann mun verða allra heitasti folinn....eða forsetinn þið ráðið=).

Örn Haukur Arnarson: Hann á eftir að verða mikill vísindamaður, og á eftir að finna upp formúluna á því að vera sterkasti maður í heimi. En eftir langan og farsælan feril í þessu vísindalífi, ákveður hann að fara að snúa sér að draumastarfinu sínu sem er að vera atvinnu björgunarmaður. Hann á eftir að kaupa björgunarsveitina Von Sandgerði fyrir peningana sem hann fékk úr vísindabransanum, og á eftir að gera þetta að stærstu og bestu björgunarsveit á landinu.

Sasan Már Hlynsson: Sasan ákveður það að vera mosafræðingur og mun taka við af hinum eina og fyrsta mosafræðingnum hér á landi og mun Sasan lifa lúxus lífi hér á Íslandi bara með því að rúnta um allt landið á ferrari enzo og mun eignast 16 manna fjölskyldu og engin börn...HAHA jæja reiknið það út krakkar mínir Sasan Már mun verða mosafræðingur og ef ykkur vantar ráð um mosa hringið þá í hann....555-mosi7.

Magnea Rún Vignisdóttir: Stelpan sem stútar skólanum með stæl og fer í FS en hættir strax þar og fer á tónleika með Bubba og þar stendur auglýsing þar sem stendur "Vilt þú vera næsti umboðsmaður Bubba?" og hún bara gat ekki látið þetta tækifæri fara fram hjá sér og slær til og stútar því líka og er næsti Einar Bárðar og mun vera umboðsmaður Egó og AF HVERJU HALDIÐI AÐ BUBBI KOMST Í IDOL???.....Magnea lét Bubba fara í Idol og viti menn þau enda saman:O!!!jáb Magnea og Bubbi <3.

Halldóra Magnúsdóttir: Jáb=)...Stelpan mun verða ljósmóðir jáá sá einn þátt í sjónvarpinu og þar voru ljósmæður að gera sitt það sem þær gera og hún Halldóra varð yfir sig ánægð og skellir sér beint í þetta nám og verður það allra besta ljósmóðir og fólkið á sjúkrahúsinu kalla hana Halldóra light og mun hún byrja með doctor sem er svo ríkur að Halldóra getur bara hætt að vinna og hugsað um sig sjálfa og eignast börn.....EN hún heldur áfram að vinna því hún vill ekki að annar taki titilinn af henni HAHA:D.

Eydís Ösp Haraldsdóttir: Stelpan með hæfileika í fótbolta og fær samning hjá félagi Shin qui qui úti Tælandi og mun hún spila þar með stæl og verða besta fótbolta kona heims en verður fyrir því óhappi að slíta æð í auganu og mun ekki geta séð neitt og hún ákveður þá að vera vatnsberi hjá Real Madrid og mun hún standa sig klikkað vel og hún hlakkaði til að sjá Beckham en því miður gat hún bara séð hann með einu auga og varð svo pirruð að hún flutti aftur til landsins og byrjaði að æfa með Reyni Sandg og stendur sig vel sem.....Vatnsberi....!

Benedikt Þór Sigfússon: Hann Benedikt á eftir að fara ótroðnar slóðir og bjarga mörgum heimilismæðrum. Eftir nám sitt við Háskóla Íslands fer hann út í heim að læra meira, og eftir 6 ára nám í útlöndum kemur hann til baka með nýja uppfinningu sem á eftir að vera inná hvaða heimili sem er í heiminum. Svunta sem þrífur sig sjálf, og tusku sem verður aldrei drullug, eftir þetta verður hann kallaður Benni da man.

Sólveig Pétursdóttir: Stelpan sem allir munu elska og dýrka hún byrjar með lítið fyrirtæki heima hjá sér sem heitir Saumur&Nál.....Henni gengur vel að sauma föt á fólk og verður það nýja tískan og hún Sólveig verður hin næsta Gucci stjarna en því miður lendir hún í því að missa allt því það kom ný tíska og varð það sokkar með reimum og hún Sólveig ALVEG brjáluð og mun kvarta og engin mun hlusta á hana og hún brjálást og mun búa ein uppí sveit að reyna búa til nýja tísku.....Gangi þér Vel Sólveig.

Gísli Þór Hauksson: Hver sagði að Gísli ætti ekki framtíðina fyrir sér? Jáms hann á sko eftir að taka Hollywood með stormi þegar hann gerist atvinnuleikari. Hann verður uppgötvaður á sjónum þegar hann var að draga netið í land, skein sólin á andlit hans og þeir sáu að þetta var pro maður, eftir þetta lék hann í myndinni perfect storm 2, og Gíslinator sem verður eftirgerð af Terminator.

Steinunn Ósk Sigurgeirsdóttir: Hún mun verða barnapía...já eftir að hún fór frá skólanum fékk hún vinnu sem leikskólakennari og það var einhver strákur sem kveikti í leikskólanum og hún Steinunn er svo góðhjörtuð og hún bauð þeim að koma heim til sín og vera með það og heitir staðurinn Steinunn&co. Og mun þetta vera vinsælasti staðurinn í Sandgerði....samkeppni ha? Og eftir það mun Steinunn vera moldrík og mun hugsa um krakkana eins og börnin sín og verður valin manneskja ársins í Sandgerði haha good luck with the babys:D.

Atli Hrannar Heimisson: Maðurinn með leður lungun mun verða sá allra fyndnasti og mun halda uppistand hér í Sandgerði og mun brillera og verður sá allra fyndnasti sem til er og verður frægur og ríkur mun samt halda sig við Sandgerði í crib sko:Dhaha hann eignast línu sem hljómar...'I am the best nobody can't beat me'...hahaha!

Sigurbjörn Ægisson: Hann á eftir að vera svakalegur nagli og opna tískufataverslun, sem heitir Siggí ÆÆÆÆiiii... Eftir langan feril í tísku bransanum fer hann aftur á fornar slóðir og hefur störf í Grunnskóla Sandgerðis því að Sigurbjörn lítur þannig á að nám er mjög mikilvægt ef þú ætlar að ná langt í lífinu.

Sigurður Freyr Helgason: Eftir að hann slær í gegn í hljómsveitinni Dúkkulísunum sem hann er gítarleikari í, fer hann að reina fyrir sér í sólóferlinum og gefur út plötuna, A man apart. Og vill hann lýsa þar hvernig honum líður, platan sjálf fékk ekki góðar viðtökur vegna sönggraddar og fer þá til Michael Jacksons í söngkennslu, og gefa þeir út diskinn 2 faces, sem hlaut svakalegar vinsældir.

Ásdís Helgadóttir: Eftir Grunnskóla hefur Ásdís ákveðið að fara í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hefja þar nám. Eftir lítinn tíma fer hún að sjá það sem hún vill gera í lífinu, hún fær vinnu við að prufugera leiki fyrir playstation 3 tölvurnar, og mun hún halda því fram að engin manneskja vinni betri vinnu.

Halla Sóley Haraldsdóttir: Eftir að Pétri ökukennara fannst hún vera svo góður ökuþór ákvað Halla að vera nýi ökukennarinn hér í Sandgerði og mun vera bullandi samkeppni milli þeirra og mun Pétur reyna allt sem hann getur til að vinna hana en Halla mun vera svo lúmsk að hún þússar sig upp fyrir hvern tíma og munu strákarnir verða óðir til að keyra hjá henni og endar með því að Pétur hættir og Halla mun vera nýi ökukennarinn í bænum.

Albert Þór Benediktsson: Albert er svo yfir sér hrifinn af því að koma í Sandgerði að hann hefur ákveðið að hefja nám í stjórnmalafærði til þess að geta stofnað sinn eigin stjórnmalaflokk og boðið sig fram sem bæjarstjórnarefni fyrir Sandgerðisbæ. Ætlar hann að breyta nafninu á Sandgerði í Albert's Town.

Veigar Þór Ástvaldsson: Maðurinn sem mun heilla heiminn eftir tískusýninguna og mun verða módel úti New York og mun gera garðinn frægan þar og mun vera með þvílíkri hot babe og læti og hann ákveður svo að taka þátt í mynd sem mun heita 'My Fat Kid' og Veigar þyrfti að þyngjast um 50 kíló og þá gengur ekki svo vel því þetta var allt plat og allir brjálaðir og Veigar ösku illur og endar með því að hann var 200 kg.

Spurningar dagsins..

Spurningarnar eru:

1. Hvernig fannst þér páskabingíð?
2. Hvað finnst þér um það að stytta á kannski stúdentinn frá 4 árum í 3?
3. Hvað heitir forsætisráðherra Íslands?



1. Snilld!
2. Nei
3. Halldór Ásgrímsson



1. Ágætt
2. Nei
3. Við fundum Bjarka ekki..



1. Skemmtilegt
2. Nei
3. Halldór Ásgrímsson



1. Allt í lagi
2. Nei
3. Björn? .. eða veit ekki..



1. Missti af því
2. Já
3. Eitthverju nafni



1. Skemmtilegt
2. Já
3. Annað hvort eitthvað G eða H. Ég held Halldór.

Danmerkurferð Apríl 2005 =)

Við byrjuðum á því að mæta öll uppi Leifsstöð kl 6 morguninn 23. apríl úldin en samt mjög spennnt.

Vorum í Leifstöð í ca. 2 tíma að versla og eitthvað að stússast, röltum svo um borð, allir að deyja úr spenningi ☺ Í flugvélinni var vel troðið. Diddi fékk sæti við hliðina á ..ehh... tölum ekkert meira um það :D Allavega voru sumir sáttir, hehe. (Eins og flestir vita sem þekkja Didda)

Við lentum í Køben, biðum lengi eftir lestinni. Á meðan hafði Grjóni greinilega ekkert að gera, því hann ákvað að stökkva útá brautarteinana, þá kom brautarstjórinn alveg brjál og hundskammaði Grjóna án þess að Grjóni skildi NEITT. Grjóni svaraði öllu játandi á dönsku (eina orðið sem hann kann). Seinasta spurningin sem brautarstjórinn spurði Grjóna var hvort hann væri sænskur, Grjóni náttúrulega svaraði : "Uuu.. já ?" án þess að skilja gaurinn.

Fyrstu 2 næturnar sváfum við í Odense. Fyrsta kvöldið byrjaði ekki vel, Halldóra og Særún að drepast í maganum og við hinar hlæjandi, æ æ ;D Þegar við vorum alveg að sofna þurfti Magnea að pissa (ekki í fyrsta skipti), hún stóð upp og ætlaði að kveikja ljósið þá ældi Halldóra alveg við lappirnar á Magneu, bara heppin að fá ekki gusuna á lappirnar á sér. Í Odense gerðum við voða lítið annað en að chilla, hlægja, æla og hafa gaman ☺

3ja daginn lögðum við af stað í Legoland og þar á eftir í partybæinn Faaborg. Gistum þar í 3 nætur á farfluglaheimili sem við höfðum útaf fyrir okkar.

Örugglega skemmtilegasti staður sem bekkurinn hefur nokkurn tímann komið á, GEDVEIKT þarna.

Í Faaborg gerðum við margt og mikið en ekki toppaði það allar klósettferðinar hjá Magneu (hún var að pissa, ekki misskilja), hún var alltaf pissandi enda sagði Þórunn að hún leki.

Fyrsta kvöldið vingaðist Diddi við dönsku gaurana, en ekki fór það eins og átti að fara, lenti í slagsmálum og læti (eða hann bar vitni).

Við fórum meðal annars á rokktónleika, ráfuðum mikið um göngugötturnar og flestir versluðu sér nokkrar flikur.

Síðasta daginn röltum við uppá rútustöð til að kveðja krakkana. Við biðum þar í nokkurn tíma eftir rútnni. En Diddi ætlaði að vera voða fyndinn og henda töskunni sinni fyrir Gumma þegar hann var að labba, það tókst nokkuð vel hjá Didda því Gummi gjörsamlega flaug á hausinn, allir hlógu mjög mikið, þar á meðal dönsku krakkarnir, mjög vandræðalegt moment

fyrir Gumma en samt alltof fyndið.

5. daginn brunuðum við í Køben, capital city baby :D Komum á gistiheimilið og græjuðum okkur í herbergin. Eftir smástund ákváðu strákarnir að kíkja úti körfu, geggjað hjá öllum þar til Hjörtur tók eftir þrusu gellu, hann náttúrulega gat ekki tekið augun af henni og hljóp beint á HVÍTAN stein sem á ekki að fara fram hjá neinum, enda hlógu allir og mikið gert grín af honum, haha ☺
Í Køben var mikið chillað, spilað, herbergisráp, tv og sitthvað skemmtilegt.

6. daginn vöknudum við snemma til að fara í moll og tívolí.
Við töltum uppí strætóskýli, vorum búin að hanga þar í smátíma þegar fattað var að Gísli G var ekki á staðnum. Hann var ennþá á klósettinu, þannig Diddi þurfti að spretta á eftir honum því strætóinn var að koma. Loksins komu Diddi og Gísli hlaupandi og Gísli varla búinn að gyrða upp um sig.

Í mollinu var mikið verslað og mikið búðaráp. Eftir það fórum við beinustu leið í Tívolíð þar sem Grjóni var að meika það í hözzlinu og læti maður, haha :D Tívolíð var klikkað stuð, alveg magnað. Eftir Tívolíð áttum við að taka rútuna en við misstum af henni þannig við tókum Taxa, flott á því (H) Guðbjörg, Gummi, Guðrún og Særún voru öll saman í bíl. Gummi var alla leiðina að tala um (á íslensku) að bílstjórinn væri svo ljótur og fáránlegur og eitthvað svoleiðis. Þangað til að bílstjórinn sagði við okkur að hann skyldi íslensku. Restin á leiðinni uppá gistiheimili var mjög svo vandræðaleg fyrir Gumma, HAHA ;D

Seinna um kvöldið var síðasta kvöldið okkar saman í DK, þannig við ákváðum að halda smá fund. Þar komst upp um Hjört og Grjóna, því þeir höfðu keypt sér playboy fyrr um daginn, haha, ekki voru þeir jafn heppnir og þeir héldu ☺

7. daginn, sem sagt síðasta daginn, var vaknað snemma og brunað beint uppá flugvöll og beint heim til Íslands.

Home Sweet Home ☺

Þetta var ein skemmtilegasta ferð sem við bekkurinn höfum upplifað saman.

Vonum að þið höfðuð jafn gaman og við.

Game í að endurtaka ferðina? ☺


Þökkum öllum kennurum fyrir frábæra ferð.

Kveðja

Guðbjörg og Diddi ☺

Fyrir hönd 10. bekkjar..

Myndir úr Danmerkurferðinni



Slúður

.....Heyrst hefur að Björk hafi sent Pétur í heilsuátak og hafi hann tekið því heldur of alvarlega. Hann ræddi um þetta við Einar Svein og hafa þeir nú tekið sig saman og labba einn hring í hverjum fríminútum.

..... Heyrst hefur að Ragnar Bjarni sé að stefna á atvinnumennsku í billjard eftir að þeir félagar lentu í öðru sæti á samfés. Vill hann núna fjarlægja allt úr stofunni fyrir billjardborð.

..... Heyrst hefur að Fríðu leist ekki á frekjuna í bróður sínum og hafi séð til þess að hann geti ekki spilað billjard aftur.

..... Heyrst hefur að Ástvaldur Ragnar sé búinn að fá ný dekk á hjólastólinn, þar sem hin voru bönnuð, ákvað hann að hafa mynd af skólanum, svo núna getur hann rúllað yfir hann.

..... Heyrst hefur að Ásgeir hafi grátið mikið þegar hann frétti að völlurinn væri að fara, það tók hann langan tíma að kveðja da home's

..... Heyrst hefur að nú þurfi konurnar í mötuneytinu að sjá um að mjólka nýju beljurnar, sem skólinn var að fjárfesta í.

..... Heyrst hefur að krakkar þurfa núna að ganga í skólabúningum, bleikur þemi þar á ferð.

.....Heyrst hefur að þú sért að lesa þetta slúður.



Myndir heðan og þaðan

